

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um orlof og veikindaforföll starfsmanna ríkisins
nr. 87/1954, 129/1965, 122/1967.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Starfsmenn ríkisins, er verið hafa skemur en 6 mánuði í starfi, eiga rétt til fullra launa í 30 daga og hálfra launa í 30 daga.

2. gr.

Við 6. gr. bætast eftirfarandi 4 málsgreinar:

3. mgr.: Til fullra launa teljast, auk fastra mánaðarlauna skv. kjarasamningi, greiðslur fyrir yfirvinnu, vakta-, gæsluvakta- og óþægindaálag, greiðslur fyrir eyður í vinnutíma og fyrir leiðréttingu verkefna, enda hafi vinnuframlag eða vinnutími verið ákveðið með stundaskrá til heils skólaárs eða skólaannar eða reglubundinni varðskrá. Ákvæði þessarar mgr. taka einnig til annarrar reglubundinnar yfirvinnu, sem staðið hefur í 12 almanaksmánuði eða lengur eða er ætlað að standa a. m. k. svo lengi.

4. mgr.: Þegar starfsmaður hefur verið fjarverandi vegna veikinda samfelld lengur en svarar til 1 viku vinnuskyldu hans, skal hann auk launa, sem greidd verða samkvæmt 1.—3. mgr. fá greidda aðra yfirvinnu, þannig að fyrir hverja klukkustund í dagvinnu- eða vinnuskyldu veikindatímans skal greiða 1/1000 þeirra yfirvinnustunda, sem hann fékk greiddar síðasta 6 mánaða uppgjörstímabil yfirvinnu, eða síðustu 6 heilu almanaksmánuðina. Ef föst yfirvinna er ekki merkt á varðskrá, skal gert ráð fyrir, að þær dagvinnu- eða vinnuskyldustundir, sem leiða til greiðslu yfirvinnu samkvæmt þessari mgr., séu sama hlutfall veikindafjarvistanna eins og varðskrárinnar. Kennari skal í stað reglu þessarar fá greidda yfirvinnu fyrir hvern kennsludag hans á stundaskrá. Yfirvinnustundafjöldinn skal ákveðinn með því að finna vikulegt meðaltal yfirvinnu kennarans síðustu 6 heilu kennslumánuðina áður en veikindafjarvistin hófst og deila í meðaltalið með vikulegum kennsludagafjölda samkvæmt stundaskrá hans. Ekki skal greitt samkvæmt þessari mgr. fyrir þá daga, sem kennsla fellur niður í skóla vegna almennra eða sérstakra frídaga. Ef starfsmaður er fjarverandi á 6 mánaða tímabilinu vegna orlofs, skal telja, að hann hafi sama meðaltal yfirvinnu orlofsdagana og hinn hluta tímabilsins. Sama gildir um kennara að því er tekur til almennra eða sérstakra frídaga skóla. Við útreikning yfirvinnustunda samkvæmt þessari mgr. skal ekki telja með þær yfirvinnustundir, sem greiddar hafa verið samkvæmt 3. mgr.

5. mgr.: Verði starfsmaður óvinnufær af völdum slyss á vinnustað eða á leið til eða frá vinnu greiðast laun skv. 1.—4. mgr. frá upphafi fjarvistanna.

6. mgr.: Þegar mánaðarlaunagreiðslur samkvæmt 1. eða 2. mgr. skerðast eða falla niður, þá skuli á sama hátt skerðast eða falla niður greiðslur samkvæmt 3., 4. og 5. mgr.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Vegna barnsburðar skal kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum 6. greinar. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga, sbr. 6. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 38/1954, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1974.

Matthías Á. Mathiesen.

Guðmundur Einarsson.

Nr. 378.

12. desember 1974.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974 er sjúkrasamlögum heimilað að greiða samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar sérlyfið GAVISCON frá Ferring AB, sem er óskráð, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.

Nr. 379.

19. desember 1974.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga
árið 1975.

Árið 1975 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 280.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1974.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 380.

20. desember 1974.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970
með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 375.00 fyrir hvern aðalhemil.